

Mánudaginn 3. apríl 1916.

Nr. 76/1915.

Jón Magnússon

gegn

Skúla G. Thorarensen
og Degi Brynjólfssyni.

D ó m u r :

Eftir kröfu áfrýjanda Jóns Magnússonar frá Gaulverjabæ var fúgetaréttur Árnæssýslu haldinn að Gaulverjabæ 21. sept. f. á. til þess að bera út af jörðinni núverandi ábúanda þar Skúla G. Thorarensen og setja áfrýjanda inn í umráð og afnot jarðarinnar. Í réttinum nefndan dag kvað fúgetinn upp þann úrskurð, að hin umbeðna útbuðar- og innsetningargerð skyldi ekki fara fram. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. nóvbr. f. á. og hefir stefnt ábúanda jarðarinnar Skúla G. Thorarensen og umráðamanni jarðarinnar, hreppstjóranum í Gaulverjabæjarhreppi, Degi Brynjólfssyni, og krafist þess, að nefndum úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að »Skúli Grímsson Thorarensen verði borinn út af jörðinni og áfrýjandi settur inn í afnot hennar«, svo og að umráðamaður jarðarinnar verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu krefjast þess hins vegar, að hinn áfrýjadi úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins og áfrýjandi sektaður fyrir þrætugirni.

Með byggingarbréfi dags. 19. maí 1910 var áfrýj-

anda bygð kirkjújörðin Gaulverjabær; bjó hann þar til fardaga 1912. Þann 3. okt. 1911 veitti þáverandi umráðamaður jarðarinnar, Guðmundur hreppstjóri Þorkelsson, leyfi til þess, að Jón nokkur Steingrims-son settist í byggingu áfrýjanda í fardögum 1912; sat hann jörðina fardagaárið 1912—1913, en í fardögum 1913 tók áfrýjandi aftur jörðina til ábúðar með samþykki umráðamanns jarðarinnar og bjó á henni fardagaárið 1913—1914, en þann 26. júlí 1914 gerði hann þann samning við Jón St. Scheving, að hann skyldi þann dag taka við ábúð á Gaulverjabæ og halda jörðinni til fardaga 1915. Þennan samning samþykkti umráðamaður jarðarinnar fyrnefndur hreppstjóri, og 28. sept. lét hann Scheving fá lifstíðarbyggingarbréf fyrir jörðinni frá fardögum 1915, er sýslumaður samþykkt; 30. s. m. Hinn 12. febr. f. á. sagði Scheving jörðinni lausri; var hún þá auglýst til ábúðar og bygð í marzmán. hinum stefnda Skúla G. Thorarensen.

Áfrýjandi heldur því fram, að samningurinn við Jón St. Scheving hafi að eins heimilað honum jörðina til fardaga 1915, og hafi því áfrýjandi haft rétt til að taka við jörðinni í fardögum 1915; hafi því byggingarbréf það, er Scheving hafi fengið fyrir jörðinni 28. sept., verið ólöglegt og gert að honum fornspurðum. — Áfrýjandi kannast að vísu við það, að honum hafi verið kunnugt um, að jörðin hafi verið auglýst til ábúðar í febr. 1915, án þess að hann hafi andmælt því, en þetta skýrir hann þannig, að áður en hann hafi komið því við að andmæla þessari meðferð á jörðinni, hafi Björn Gíslason, fóstursonur

Jóns St. Scheving, komið til hans og sýnt honum skriflega yfirlýsingu umráðamanns jarðarinnar um það, að hann skyldi byggja Birni jörðina frá fardögum 1915, hafi Björn farið þess á leit við sig, að hann slepti kröfu til ábúðarréttarins. Hafi þá samist svo með þeim, að áfrýjandi skyldi eigi neyta ábúðarréttar síns, ef Björn fengi byggingarbréf fyrir jörðinni, en því hafi áfrýjandi gengið út frá sem vísu, ef hann andmælti því eigi, en þar sem nefndur Björn Gíslason hafi ekki fengið ábúð á jörðinni heldur verið borinn út af henni 7. og 8. júní, hafi þessi samningur þeirra fallið úr gildi, og áfrýjandi þá haft óskertan rétt til ábúðar á Gaulverjabæ samkvæmt byggingarbréfi sínu 19. maí 1910.

Þessi skýrsla áfrýjanda um afskifti hans af Gaulverjabæ getur eigi talist rétt. Samningur áfrýjanda við Jón St. Scheving 26. júní 1914 verður eigi skilinn á annan veg, en að áfrýjandi hafi þá afsalað sér ábúð á Gaulverjabæ að fullu og öllu. Þannig hefir umráðamaður jarðarinnar skilið samninginn, þar sem hann veitti Scheving lífstíðarábúð á jörðinni í sept. næst á eftir. Að áfrýjandi hafi einnig litið á þetta á sama hátt, er ljóst af því, að með bréfi dags. 10. jan. f. á. seldi hann nokkrum tilgreindum mönnum öll hús og mannvirki, sem hann átti »á fyrverandi ábýlisjörð sinni Gaulverjabæ«, kallar sig í bréfinu fyrrum bónda þar og áskilur, að kaupendur skuli bjóða réttum ábúanda jarðarinnar forkaupsrétt að hinum seldu munum. Áfrýjandi hreyfði og engum mótmælum við rétta hlutadeigendur, þótt honum væri kunnugt um, að jörðin væri auglýst til ábúðar og

nokkru síðar byggð Skúla G. Thorarensen. Hann lét mæta við úttekt jarðarinnar 9. júní 1915, en þangað var hann boðaður sem afhendandi. Við úttektina gerði umboðsmaður hans enga kröfu til ábúðar á jörðinni fyrir hans hönd, heldur mætti fyrir hönd áfrýjanda sem afhendandi og neitaði meðal annars að afhenda kúgildi jarðarinnar, með því að áfrýjandi hefði afhent þau umráðamanni jarðarinnar nefndum Guðmundi Þorkelssyni 10. okt. árið áður og hélt því fram, að þau hefðu þá komist úr ábyrgð umbjóðanda síns (þ. e. áfrýjanda).

Samkvæmt framansögðu getur áfrýjandi ekki talist að hafa neinn rétt til ábúðar á Gaulverjabæ og ber því samkvæmt kröfu hinna stefndu að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Áfrýjanda ber að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. til hvors þeirra.

Þar sem málsókn þessi er bersýnilega ástæðulaus, getur áfrýjandi ekki komist hjá að sæta sektum samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819 sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr. og ákveðst sektin 20 kr., er renni í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandinn Jón Magnússon greiði hinum stefndu Skúla G. Thorarensen og Degi Brynjólfssyni hvorum um sig 25 kr. í málskostnað. Svo greiði áfrýjandi og 20 kr. sekt í landssjóð.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. apríl 1916.

Nr. 48/1915.

Jón Laxdal f. h.
Jakobs Gunnlögssonar
gegn
Lyder Höydal.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Jón kaupmaður Laxdal í Reykjavík fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. sept. 1912 gegn stefnda Lyder Höydahl kaupmanni þar í eyjum út af 3993 kr. 20 aura viðskiftaskuld, er fyrnefndi kallaði eftir hjá síðarnefndum. Nokkru síðar höfðaði Höydal gagnsök á hendur áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar til greiðslu 40000 kr. bóta fyrir skaða, er fyrnefndur þóttist hafa orðið fyrir af völdum síðarnefnds. Málið var dæmt í gestaréttinum 26. nóvbr. 1913 með þeim úrslitum, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda f. h. Jakobs Gunnlögssonar 2662 kr. 75 aura með 6% vöxtum frá 1. jan. 1912 og 40 kr. málskostnað. Gagnsökinni var aftur á móti vísað frá dómi. En dómur þessi var ómerktur af landsyfirdómi 7. desember 1914 og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til f.